

Efni: Umsögn félagsmálaráðs Akureyrarbæjar vegna frumvarps til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, þingskjal 295 – 257. mál.

Félagsmálaráð Akureyrarbæjar telur hugmyndina að baki stofnunarinnar jákvæða og að þjónusta og ráðgjöf við fatlaða til einnar stofnunar geti orðið mikil bót þegar um flóknar fatlanir er að ræða. Í slíkum tilvikum hefur þjónustan verið á hendi margra mismunandi aðila. Þessi breyting á því örugglega eftir að vera til hagsbóta fyrir ákveðna hópa fatlaðs fólks. Aukin aðstoð og ráðgjöf sem þessi stofnun á að veita er ennfremur mikið framfararskref.

Þjónusta við börn

Eins og staðan er nú er greining og ráðgjöf barna með frávik í þroska og hegðun, aðallega einhverfra barna í mikilli óvissu. Langur biðlisti er á Greiningarstöð og stórum hópi barna með raskanir á einhverfurófi er vísað frá. Ekkert samtal hefur átt sér stað milli ríkis og sveitarfélaga um hvar þjónustan á að vera staðsett og hún þróast án þess að um það séu teknar faglegar ákvarðanir. Sameining þessara stofnana mun ekki breyta þessari stöðu og því er eðlilegt að mótuð verði heildastefna í málefnum barna með þroskafrávik áður en af fyrirhugaðri sameiningu verður.

Þjónusta við fullorðna

Það er mikið framfararskref að ætla þessari stofnun að sinna öllu fullorðnu fötluðu fólki. Hins vegar má benda á að ekkert er talað um fólk með alvarlegar geðraskanir sem fengið hefur þjónustu skv. lögum um málefni fatlaðs fólks. Meðferð, hæfing og endurhæfing hefur verið hlutverk Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar og Heyrnar- og talmeinastöðvar auk sveitarfélaga og fleiri aðila. Ef til vill væri heppilegra að styrkja þær stofnanir sem fyrir eru, m.a. þjónustukerfi sveitarfélaganna, varðandi þau börn sem vaxa upp í hóp fullorðinna á næstu árum frekar en að byggja upp viðamikla miðlæga þjónustu. Greining á einhverfu hjá fullorðnum er varla til á Íslandi og þar þarf að leggja í viðamiklar aðgerðir til þess að mennta fólk sem kann til verka, bæði varðandi greiningu og ráðgjöf. Það liggur fyrir að stórum verkefnum þarf að sinna og á að sinna skv. þessu frumvarpi sem hefur ekki verið gert. Það mun því þurfa verulegt viðbótarfjármagn til þess að svo geti orðið.

Landsbyggðin

Þessar þrjár stofnanir hafa allar sinnt þjónustu á landsbyggðinni sveitarfélögum að kostnaðarlausu. Félagsmálaráð Akureyrarbæjar leggur áherslu á að svo verði áfram og að jafnvel verði sérfræðingar staðsettir á landsbyggðinni s.s. á Akureyri til þess að auka gæði þjónustunnar fyrir alla landsmenn.

f.h. félagsmálaráðs Akureyrar
Guðrún Sigurðardóttir framkvæmdastjóri